

Austurlandi, 20. mars 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Mál: nr. 65/2020

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 6. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til breytinga á lögum nr. 74/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Austurbrú fagnar tillögum af breytingum sem koma fram í ofangreindu frumvarpi. Teljum við gríðarlega mikilvægt að leggja aukna áherslu á dreifingu ferðamanna og svæðisbundna þróun. Æskilegt væri að vægi þeirra staða sem ýta undir dreifingu ferðamanna um land allt yrði aukið við mat á umsóknum í samræmi við markmið sem sett eru fram í stefnu stjórnvalda sem birtist m.a. í Framtíðarsýn og leiðarljósi ferðaþjónustunnar til 2030. Mikilvægt er að ferðaþjónusta nái því markmiði að verða heilsárs atvinnugrein í sem flestum landshlutum og styðja þannig við byggðapróun á landsvísu.

Samkvæmt stefnumótun sem átt hefur sér stað í tengslum við áfangastaðinn Austurland þykir miður að ekki séu lagðar til frekari breytningar á lögum um framkvæmdasjóðinn sem stuðla að aukinni áherslu á gæði undirbúnings fyrir framkvæmdir, s.s. til hönnunar og samráðs við nærsamfélagið. Í okkar huga er mikilvægt að kröfur séu skýrar hvað varðar hönnun og útfærslu og að það endurspegli áherslur svæðisins sem birtast m.a. í áfangastaðaáætlun landshlutans. Þrátt fyrir að skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögum væri æskilegt að framkvæmdarsjóðurinn kæmi í auknum mæli fjárhagslega að verkefnum á fyrri stigum m.t.t. undirbúnings, þannig að gæði nýrra áfangastaða væru í takt við áherslur svæðisins. Sérstaklega er þetta mikilvægt þar sem fyrirséð er að áfangastaðir hafa mikla möguleika á að verða stórt aðdráttarafl, sem og þar sem margir landeigendur eru í nágrenni viðkomandi áfangastaðar.

Þá vill Austurbrú taka heilshugar undir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga í sinni umsögn um málið.



Jóna Árný Þórðardóttir
Framkvæmdastjóri Austurbrúar